

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer: Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>a)</b>				
0405.xxxx Smjör og önnur fita	01.07.02 - 30.06.03	53.000	0	243
<b>b)</b>		119.000		
<i>Ostur og ystingur:</i>				
0406.1000 Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.02 - 30.06.03		0	173
0406.2000 Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.02 - 30.06.03		0	173
0406.3000 Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.02 - 30.06.03		0	129
0406.4000 Gráðostur	01.07.02 - 30.06.03		0	198
0406.9000 Annar ostur	01.07.02 - 30.06.03		0	194

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

#### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2002.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*